

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 210.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 445.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 230.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 120.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 100.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. maí 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

5. maí 1977.

Nr. 200.

REGLUGERÐ

**um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjarðarkauptún,
nr. 277 20. október 1968.**

1. gr.

1. gr. orðist þannig:

Reyðarfjarðarhöfn nær yfir Reyðarfjörð, vestan línu, sem hugsast dregin úr Hrutatanga, norðan fjarðarins, í Hlaðhamar, sunnan fjarðarins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. maí 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

28. apríl 1977.

Nr. 201.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Súðavíkurbreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar sveitarstjórnarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum sveitarstjórnar og hefur óbundið málfrelsi og tilögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé sveitarstjórnarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem sveitarstjórn gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem sveitarstjórnin á að

annast, séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum sveitarsjóðs og fyrir-
tækja hans, eftir því sem sveitarstjórn ákveður. Hann er féhirðir sveitarstjórnar og
reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og
bréfaviðskipti. Hann geymir bækur sveitarstjórnarinnar, innistæðufé hreppsins, verð-
bréf og önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og sveitarstjórn á að
bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í
5. gr. og greiðast þau úr sveitarsjóði.

5. gr.

Oddviti skal fyrir hönd sveitarstjórnar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra,
eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af sveitarstjórn, og skal þar nánar kveðið
á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem nauðsynlegt er hverju
sinni, og skal ráðningarsamningurinn samþykktur af sveitarstjórn.

Uppsagnarfrestur af hendi hvors aðila er 6 mánuðir.

6. gr.

Nú gerist sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu og hirðuleysi
í starfi og skeytir ekki áminningum sveitarstjórnar, getur hún þá með fundarsam-
þykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal hún félagsmálaráðuneytinu þessa
frávikningu, svo fljótt sem við verður komið.

Sveitarstjórn ákveður, hvort oddviti eða annar sveitarstjórnarmaður taki við
starfi sveitarstjóra og gegni því uns sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur samið og samþykkt,
staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar
í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. apríl 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Hveragerðishreppi.

I. KAFLI

Gatnagerðargjöld A-flokkur.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Hveragerði þar með talið
bílskúrar og geymslur, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum skal greiða gatnagerðar-
gjald til sveitarsjóðs.

2. gr.

Gjaldið reiknast af lóðarstærð, svo og stærð byggingar sem ákveðinn hundraðs-
hluti af byggingarkostnaði pr. rúmmetra eins og hann er reiknaður af Hagstofu